

20. fundur skólanefndar MK

Mættir:	Flosi Eiríksson, Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Anna María Bjarnadóttir, Kristín Laufey Guðjónsdóttir fulltrúi foreldra, Guðlaugur Þór Ingvarsson fulltrúi nemenda, Gerður Bjarnadóttir fulltrúi kennara, Þóra Elfa Björnsson. Finnur Beck var í símasambandi.
Forfallaðir:	Kolbeinn Óttarsson Proppé boðaði forföll, Halldóra Guðmundsdóttir varamaður boðaði einnig forföll.
Staður:	Skrifstofa MK
Tími:	Kl. 12:00-13:10
Dags.:	2. nóvember 2016

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Flosi Eiríksson formaður setti fundinn	FE	
1.	NEMI - verkefni gegn brottfalli	GG og ÞÞ	20 mín
	Námsráðgjafar skólans Guðrún Helgadóttir og Þórdís Þórisdóttir komu á fundinn og kynntu verkefnið NEMI. MK fékk úthlutað styrk frá MMR sem auglýstur var í vor vegna verkefnis sem er gert vegna styttingar framhaldsskólans í 3 ár og ætlað til að sporna við brottfalli. Stofnað var teymi innan skólans sem undirbjó		

	<p>áfangann sem m.a. byggði á skimunarkönnun hjá öllum nemendum fæddum 1999. Þá voru skoðaðar mætingar og niðurstöður námsmats eftir fyrsta námsár. Þá var haft samband við foreldra þeirra nema sem voru í brottfallshættu að mati skólans og þeirra sjálfra sbr. skimunarkönnunina. Gerður var áfanginn NEMI1SE05 með um 30 nemendum og er þar unnið með ýmsa þætti. Skýrsla um árangur verður gerð í annarlok. Námsráðgjafarnir sögðu margvíslegan lærdóm mætti draga af þessu verkefni. T.d. að greinilegur skortur væri á náms- og starfsráðgjöf í grunnskólunum</p>		
2.	Rekstraryfirlit fyrstu 9 mánuðina	MF	
	<p>Skólameistari fór yfir stöðuna sem hefur batnað aðeins og er nú jákvæð, en þar á móti kemur að lagðar hafa verið niður tvær brautir. Hún útskýrði m.a. kostnað við ferðir en þar er um að ræða samstarfsverkefni við skóla í öðrum löndum og koma styrkir til móts við þann kostnað.</p>		
3.	Breyting á skráningu fjármála opinberra stofnanna	MF	
	<p>Skólameistari sagði breytt viðmið varðandi fjármálin í pípunum í framhaldi af nýjum lögum um opinber fjármál. Tekið verður upp nýtt form við gerð rekstraráætlunar sem jafnframt kemur í stað skólasamninga en þar verður skólum m.a. gert að skilgreina sérstaklega sex forgangsverkefni sem þeir vilja sinna auk annarra þátta.</p>		
4.	Önnur mál		
a.	<p>Formaður sendi í vor bréf til annarra skólanefnda í framhaldsskólum á landinu þar sem stungið var upp á ráðstefnu um fjárhagsvanda skólanna. Um helmingur skólanna hefur svarað og eru öll svörin jákvæð</p>	FE	

b.	Finnur Beck sagði frá láti Friðjóns Fannars Hermannssonar en hann var formaður nemendafélags MK skólaárið 1995-1996.	FB	
c.	Guðlaugur Þór spurði um nýnemakönnun um móttöku nýnema, nýnemaball, ferðina o.fl. Könnunin var lögð fyrir í sl. viku og niðurstöður væntanlegar.	GPI	

Þóra Elfa Björnsson ritaði fundargerð

Uppfært þriðjudagur, 07 mars 2017 16:00